

ÞJER SEM NOTID
TIMBUR
KAUPIÐ AF
The Empire Sash and Door
COMPANY LIMITED
Birgðir: Henry Ave. East. Phone A 6356
Skrifstofa: 5. Gólf, Bank of Hamilton
VERÐ GÆÐI AN/EGJA.

Er hann gæddur einhverri dulgáfu, er gerir honum fært að lesa hugsanir annara manna? Og við hvað zetti A.-v. að vera svo hræddur, að honum veðist tunga um tonn? Hengingu án dóms og laga?

L. G. verður skradrjúgt um það, að A.-v. skuli vilja hafa endaskifti á uppástungu Stgr. um að senda ungtrú fólk hingað vestur til að læra manna-siði. Eg geti trúað að einhverjir fleiri en eg hafi brosað, er þeir lasu þessa tillogu læknisins. Það mátti ekki minna kosta en að fara alla leið til Vestur-Canada til að læra manna-siði! Eg held, að ef Íslendingar þurfa að fara að heiman til að munnast — og auðvitað eru ferðir til annara landa vekjandi og fræðandi fyrir ungtrú fólk — þá þurfi þeir ekki að seilast svo langt. Mig grunar, að Íslendingar geti sótt eins mikla menningu, — og þeim að mörgu leyti notadrýgr — til nágrannaþjóðanna, Norðmanna, Svía og Dana. Þess þerlika að gæta, að það er engir fá-tæklingar, sem geta veitt sér þá á-nægju að ferðast hingað til Canada og til baka aftur eftir litinu tíma.

Hvað snertir tillogu Stgr. læknis í Timarití Þjóðbræknisfélagsins 1923, um unglingskasti milli Austur- og Vestur-Íslendinga, þá er það auðvitað ágætis hugmynd, en hætt er við að þátttaka yrði fremur lítill, og veldur því fjarlægðin milli landanna.

A hinn bögin er það réttlæga tek-ð fram hjá A.-v., að ekkert myndi þvilkast vera til viðhalds íslensku þjóðerni hér vestra sem það, að senda unga menn heim til Íslands og láta þá dvelja þar um tíma, segjum 2—3 ár. Þessir ungu menn myndu ekki eingöngu verða þiggjendur, heldur og gefendur. Efast eg ekki um, að heimabjóðin myndi taka þessum frændum vestan um haf örnun örn-um. Vilji þjóðbræknismenn hér ekki viðurkenna réttmæti þessarar tillogu, þá getur maður farið að halda, að öll þeirra þjóðbræknis sé ekkert ann- að en orð, orð, orð.

EKKI NENNI eg að eltað mikið við grein L. G. enda býst eg við að A.-v. svári sjálfur fyrir sig; grein hans sýnir, að hann er "snidgurnur kjaftur" og stjórnar penna sínum af tals- verðri leikni. — En þegar eg les þessa áminstu Löfbergis-grein L. G. og sé hve hann er ákaflega "in- digneradar", þá fa eg ekki varist því að hugsa um hve einmennlegrir menn- irnir eru stundum. Þorsteinn Þ. Þor- steinsson skáld og rithöfundur, hefir hvað eftir annað birt skarpar ádeilu- greinar á félagslífi Vestur-Íslendinga. Hvers vegna er ekki tekið ofan í lurg inn á honum? Spyr þá sem ekki veit, Aust-vestan skrifar grein, þar sem hann tekur svári heimabjóðarinnar — án þess að halda með einu orði á landa hér — og menn komast í viga- hug og kalla það *nú um Vestur-Ís- lendinga!* Hve fjarrí þetta er öllum sanni, sést best, er maður les það í grein A.-v., að hann vill senda hingað "snidgustu kjafta" Íslands til þess að agitera fyrir heimflutningi, og hann vill að íslenska ríkið veiti hver- um heimfluttum Íslendingi hin *struttu valdarkjör*, til þess að halda þeim kyrr um. Ut úr þessum orðum A.-v. skín tvent: ást á ættjörðinni og hátt mat á manngildi Vestur-Íslendinga. — Já, von er þótt menn reidist "skómunn- um" úr honum Aust-vestan!!!

Étla mátti nú, að jafnvíðkvæmir menn sem L. G. forðubust það sem heitann eiddinn að segja nokkurt niðr- andi orð um heimabjóðina. En nú hefi eg verið að rýna í einn ritningarstað- inn hjá honum, og veit ekki hvernig eg á að skilja það, sem þar stendur; L. G. segir: "Það er alleina í eitt einasta skifti, sem eg man eftir að þeir (þ. e. Austur-Íslendingar) hafi með töluverðum kostnaði og fyrir- höfn aukis á söma okkar, er þeir báðu skáldinu St. G. heim og báru hann á trogþörum eða gullstólum um allan Austurvöll." (Leturb. min). Á þetta að vera lof um Reykvikina? samkomum um þetta leyti, aðallega

Eg hefi vanist því, að á trogþörum væri venjulega borið, annaðhvort fiskur upp úr bátum eða skitur úr úr fjósi. Eg var staddur í Reykjavík, er St. G. kom þangað, og varð eg aldrei var við, að Reykvikingar báru hann á milli sín í slor- eða skítaborum. Að þeir hafi borið hann á gullstól- um (þ. e. á höndum sér) í óeiginlegri merkingu, býst eg við að Stefn- skáld muni fúslega viðurkenna. Hins vegar var eg sjónarvottur að því 17. júní, að Stefnari var ekið í vikinga- skipi um Íþróttavöll Reykvikinga, svo mannfjöldinn, er þá var þar saman kominn, gæti séð hinn fræga skáld- konung Vestur-Íslendinga. Líklegt þykir mér að þetta hafi einhverveg- inn snúist við í hinu hugmyndarika höfði L. G. Íþróttavöllurinn breytir Áusturvöll og vikingaskipi í trog- þörur.

Eg enda svo þessar línur með þeirri ósk, að Íslendingum austan hafs og vestan takist að tengjast þeim bræðra böndum, er útlöka allan smásálarleg- an samanburð, og mái í burty þessa skörpu merkjalmu, er sumum virðist vera svo mikið áhugamað að draga á milli Austur- og Vestur-Íslendinga.

Andrés J. Straumland.

Frá Markerville.

(Frá freguríta Hkr.)

14. des. 1925.

Vedrátan hefir verið hér mjög erfið, svo ekki muna elztu menn slíka. Fram um miðjan ágústmánuð var tíðin haegstæð, sem gaf góðar vonir um arðsama uppskeru á ökrum og heylandi, sem hvortvegja gerir samleiga. Meirihluti bænda hafði þá náð upp heijum að mestu; en það sem þá var óunnið af heyrirðingum, sætti skemduð og ónyttist; einnig það er í stakk var komið, skemdist að mun víða. Með miðjum þeim mánuði breyttist tíðin algerlega, til mik- illa rigninga, sem héldust hvidar- litið fram í októbermánuð; aðeins tveir eða þrjú þurrir dagar komu stoku sínum, en stórhvélur á milli, svo þurru dagarnir entust ekki til að eyða vatnumi svo, að mögulegt væri að vinna. Þó akrasláttur byrjaði seint í ágúst, þá samt stóð hann yfir dag og dag á stangli allan septem- bermánuð, sökum bleytu. — Þessi lang- varandi óþappatg skemdi og ódrygði uppskeruna á ökrumum, því alt varð að standa í drilum, sumstaðar þarg- ar vikur. — Þrátt fyrir miklar skemd- ir og rýrnun, mun uppskeran hafa reynt í meðallagi hér um slóðir við- ást; en skemd til mikils skaða, heldur hvergi óskemd, sem sít var að undra, eftir langvinnna hrakninga; enda mun faggett, að til sé nú Nr. 1 og 2 af hveitikorni. Hveitikorn mun nú vera borgað \$1.37 á mæli af nr. 1; hafnar nr. 1 34c; bygg 43c; en svo er það ekki nema í fáum tilfellum, að kornið nái því verði. Samt er verðið að þokast upp smíamsaman. Sauðfé er hér það, sem best þykir borga sig. Í sumar var ullin borguð 25c pd. Í haust um tíma voru lömb borguð 10½—11½c pd., lífandi vígt. Svin voru í haust 10—11c pd., lífandi vígt; nú 10c. Sala á nautgripum lítill og léleg; vænir uxar tveggja til þriggja ára, 4½—5½c. Diklar \$10—\$12. Smjör er nú 33—38c pundis; egg 40—60c tylftin. — Nokkrir bændur eru mu ala nautgripi sína yfir vetur- inn, en selja þá með vorinu. Þykir komin nokkur reynsla fyrir, að það sé til meiri hagnaðar, en selja þá á haustin; munu nú fódurbirgðir svo, að atla megi að nógar verði.

Heilsa fólks mun góð. Þó hefir hitaveiki verið á stoku heimilum, en ekki mjög alvarleg og langæ. Talsvert er hér um slóðir af dans- A þetta að vera lof um Reykvikina? samkomum um þetta leyti, aðallega

hjá öðrum þjóðflokkum. Í því til- liti gæstir Íslendinga ekki mikið, þó til þeirra verði að sækja hljóðfæra- slátt í flestum tilfellum.

Joseph Stephansson frá Victoria, B. C., er fyrir skömmu farinn heim- leiðis; var hér í kynnisferð til barna sinna og tengdasonar, G. E. Johnson, P. M., Markerville. Joseph er einn af okkar gömlu, góðu landnámsbænd- um um 30 ár.

Jaja, ritstjórn góður! Mér líkar Heimskringla vel að öllum jafnaði undir þinni stjórn. Oska eg svo þér og lesendum blaðsins hamingjusam- ar framtíðar. —

Frá Íslandi.

Listisýning Finns Jónssonar. — Málaralistin rúmar óendanlega mörg sjónarsvið eða stefnur, og má lengi um það deila, hvort þessi sé heilla- vænlegri en hin; en mestu máli skifti- ir, að listamaðurinn sé sterkur og heill, og vinni samkvæmt heilagri samferingu.

Hér á landi er litlið alment all ein hliða á málaralist. Er sú skoðun ríkjandi, að listamaðurinn eigi að líkja sem nákvæmast eftir þeirri fyr- irmynd (motív), sem hann hefir valið sér, eins og hún birtist á yfirborði, og að áferðin sé slétt og faguð. Með öðrum orðum að málværði líkist lit- aðri ljósmynd. Er þá aðeins um ölist- ravent handverk að ræða, þar sem ná- kvæmni ein ræður, en ekki andi. — Það er hinn sami andi listamannsins, sem heigar verkið, en ekki fyrir- myndin, — ef hún er nokkur.

Einnur Jónsson sýnir nú nokkur málverk og teikningar, þar sem hann hefir verpað af sér fjötrum hlut- rænna fyrirmynda og letur andann einn ráða. Akveðið hugarastand (stemning) liggur til grundvallar fyr- ir hverri mynd. Málarinn velur sér, samkvæmt því "tema" í fornium og litum, sem hann ber síðan fram með tilbreyni, og letur alt mynda sam- stíla heild, og á hún að verkja hjá áhorfanda hinar sömu kendir og hö- undi voru bláskar í brjósti, þá er hann skóp myndina.

Ymsir munu bera brigður á að þetta geti átt sér stað. En á sem lit- ur á "composition" Finns rólega og án allra forðóna, getur brátt sann- færst um sanngildi þessara mynda, og hann fær hugbónd um, að hér með sé málaralistin komin inn á andlegri brautir en nokkurntíma hefir þekst áður.

Við viljum hafa alt þjóðlegt, og er það rétt; en við megum ekki reka verk nýngará á styr með forðómum; þeir eru fæddir af fáfræði og þröng- sýni.

Þessi líft er þegar íslensk í höndum Finns; svo heill og ósnortinn hefir hann verið að verkja, að engum, er athugar myndir hans, blandast hug- urum, og að þær séu runnar frá nor- runum rötum; svipur þjóðernisins hvílir ávalt yfir verkum samra og einlegra listamanna.

Nú á tveim síðustu áratugum hafa orðið miklar lýtlingar á sviðum list- anna sem öðrum, og mun alment talið, að Þýskalund standi einna fremst í málaralistinni síðan innsestefnan- ir (expressionism) skipaði óndvegi hjá beztu málurumum. Við megum fagna því, að þar í landi, hjá hinum völdugu menningarþjóð, hefir Finnur verið settur á bekk með hinum allra fremstu og viðkunustu málurum.

Björn Björnsson.

Eggert Stefánsson, og ummæli franskra blaða um hann. — Frá því hefir verið skýrt hér í blaðinu áður, að Eggert Stefánsson sng opinber- leiga í Parísborg 20. í. m., og sendi hingað símskeyti degi síðar, þess efnis, að hann hefði hlotið hinar beztu viðtökur.

Nú hafa borist hingað frönsk blöð, sem skýra frá söng Eggerts og fara hinum lofsanlegustu orðum um hann. Helsta sönglistarblað Frakka, "Courrier Musicale", flytur mjög hlý- lega grein, þar sem söngvaranum er fyrst og fremst þakkað fyrir hin is- lenzku sönglög (eftir Sigfús Einar- son, Sigvalda Kaldalóns og Björ- vin Guðmundsson), sem verið hafi viðkvæm og borið á sér blæ saknað- ar og guðsóttá. Því næst segir, að hann hafi ávalt farið njúg vel með þess áhrifamiklu lög og sungið þau af svo næmri tilfinningu, að enginn söngslukur maður hafi getað hlýtt ósnortinn á þau.

Í "L'Echo de Paris" segir, að rödd E. S. sé framúrskarandi yfirgripsmik- il og þróturinn í millitönumunum fag- gætlega góður. Þar segir emfrem- ur, að hin íslensku lög hafi verið sungin með tiltakanlega sterkum og fögrum raddblæ, og ítösku lögin á söngskránni hafi hann sungið af mikilli list.

Svipuð ummæli fluttu blöðin "La Liberté", "Excelsior" og "Paris Soir", og myndir hafa birt af Egg- ert í tveim helstu tónlistarblöðum Frakka, "La Semaine Musicale" (sem er viðaukað við "Courrier Musicale") og "Comedia", sem bæði ljúka miklu lofsorði á sönginn og lýsa því, hve fráberlega vel hann hafi tekið og orðið til þess að verkja mikla aðnað á söngvaranum. Hann er sagður sérstaklega góður Wagner- söngvari.

Eggert Stefánsson er fyrsti íslenzk- ur söngvari, sem hefir látið til sín heyra í París, og þær viðtökur, sem hann hefir fengið þar, mega vera vinnum hans hér heima mikið gleðiefni. Því það er keppikefli allra listamanna að hljóta góða dóma í París.

Eggert er nú komin til Lundúna og mun syngja þar opinberlega inn- an skamms. — Vafalaust mun hann langa til að koma hingað, en hvort það verður á þessum vetri eða næsta sumar, er óvist enn.

Veiðibjúllustrandið. — Orsakir strandsins eru þær, að seglin rífnuðu og vélin varð ekki notuð, af því að smurningsollugeymir sprakk og vélin varð ekki notuð. Skipið rak stjórn- laust á land að morgni laugardags 14. þ. m., rétt austan við Jökulsá á Breiðmerkursandi. Sjór gekk þegar yfir skipið og skolaði þá fyrsta vél- stjóra á land en hinir létu fyrirber- ast í reiðanum. Eftir nokkar klukk- stundir tókst að koma kaði í land, og lásu skipsmenn sig í land eftir honum. Þorsteinn Gottskálsson ætl- aði að synda á land, en lenti í útsögi og hvarf þegar sjónum hinna. Lík hans rak tveim dögum síðar, austan árinna. Kl. 1 um daginn voru hinir allir komir á land. Þeir vissu ekki nákvæmlega hvar þeir voru staddir og sáu ekki til þessa. Var þá ákveð- ið að leita bæja og lögðu allir af stað frá strandstaðnum. Finn sneru aft- ur við Breiðáros, en fjórir öðu ár- ar og komust við illan leik til Tvi- skerja kl. 6—7 um kvöldið. Vildi þeim til lífs, að þeir sáu ljós þar í baðstofuglugga, en kváðust ella myndu hafa gefist upp, og eflaust orðið úti um nóttina. Fengu þeir góðar við- tökur, og var þegar sent að leita hinna, er eftir höfðu orðið. En af þeim er það að segja, að þeir sneru aftur til strandstaðarins. Urðu þá tveir viðskila við hina í myrkrunu og urðu úti hvor í sínu lagi, en hinir héldu saman og grófu sig í sand, und- ir gömlu "hvalbaks"-broti úr botn- vörpung. — Urðu leitarmenn þeirra ekki varir. — Í birtingu um morgun- inn lögðu þeir af stað öðru sinni að leita bæja, og hittu ekki löngu síðar leitarmenn, með vagn og vistir til þeirra, er fluttu þá til Tviskerja.

Skipið brotnaði þegar og rak nokk- uð úr því á land, en fatnað sinn oð farangur mistu skipsmenn allan. Eft- ir fárra daga dvöl í Tviskerjum lögðu strandmennirnir af stað land- veg áleiðis hingað, og komu til bæj- arins klukkan að ganga sjö og gær- kvöldi. Þeir eru: Jón Guðmundsson, skipstjóri, Kristján Vidalin Brandsson, stýri- maður, Ingvar Einarsson, 1. vélstjóri, Aðalsteinn Jónsson, 2. vélstjóri, Jónas Jónsson, frá Flatey, Einar Guðbjartsson, frá Patreks- firði, Eftir varð í Vik; Haraldur Kjart- ansson, matsveinn skipsins. — Þeir sem fórust, voru: Þorsteinn Gottskálsson, Rvík, Sæbjörn Hildibrandsson, Hafnar- firði, Stefán Baldvinnsson, Dalvík, — Vísir.

Ljóðs.

Nú eru þau tímamót ársins, að sól- skinið lengist. Það þykir mörgum vent um þá von í meira sólskini, meira ljósi. Það á þetur við alla, þegar um lífsþroska er að ræða. En við höfum of litlið af ljósi í

huganum; hugsunin er ekki ljós; geti afhent samlaginu hveiti, án þess að skrifa undir sanning. Það er ekki hægt. Samlagið hefir enga heimild til að selja korn fyrir aðra en með- limi.

Sumir bændur, sem skulda lán- og öðrum félögum, og sem hafa gefið þeim veðrétt í korninu, spyrja, hvort þeir geti afhent samlaginu kornið undir þeim kringumstaðum. Samlag- ið getur höndlað það korn, en viss eyðublöð þarf að fylla út til þess. Frekari upplýsingar þessu viðvik- jandi fást á samlagsskrifstofunum. — Ef þér viljið fá svarað einhverjum spurningum viðvikjandi samlaginu og starfi þess, eða ef þér skiljið ekki eitthvað í sambandi við það, er yður velkomið að senda spurningar yðar til Heimskringlu, og verður þeim þá svarað í blaðinu af starfsmönnum samlagins.

J. O. Norman.

Hveitisamlagið.

Margar fyrirsurnir hafa komið inn á Hveitisamlagsskrifstofurnar um hvort bændur geti gerst meðlimir hvenær sem er. Ein spurningin er: — "Ger- ið svo vel að láta mig vita, hvort þér takið enn á móti samlagssam- ingum?" Svárið við þessari spur- ingu er já. Samningum er tekið við hvenær sem er. Spurning af líku eðli er: — "Eg hefi þrekk korn mitt og látið það til geymslu í kornhöfu. Get eg komið þessu hveiti inn í sam- lagði?" Aftur er svarið já. Alt sem er nauðsynlegt, er að tilkynna um- boðsmanni kornhöfundar, að hveitið tilheyri nú samlaginu og skrifa undir sanning og senda hann á næstu sam- lagsskrifstofu.

Sumir bændur spyrja, hvort þeir

Brot úr breifi.

Upp úr þungu þagnarhljóði þér eg vildi heilsa í ljóði. Er þó smá í andans sjóði innistæðan, vinur góði.

Lamar starfsþrek meðalmanna martröð þungra hversdagsanna; ört í sporin okkar granna árin skefja kyngi fanna.

Oft vér létast andann drögum undir gömlum kvæðalögum; kennir óms af ýmsum brögum enn frá horfum barnskudögum.

Yfir lífsins leiðir farnar leiftrum varpa minningarnar, þegar vetrarhríðin harðnar, heilladrýgst til skjóls og varnar.

Síðar vor af vetrardróma vekur alt með töfraljóma; teginsraddir allar óma yfir vögum nýrra blóma.

Lúðvik Kristjánsson.

Paulin's WEMBLEY CREAMS

Quality Biscuits

Gestum þykja þessar ljóf- fengu Cream samlokur góð- ar. Þeir bráða í munnin- um.

Kaupið þér í pundatali — þú er góð.

Paulin Chambers Co. Ltd.

REGINA WEMBLEY CALGARY EDMONTON

CANADIAN NATIONAL RAILWAYS

Fólksflutningur Til Canada

Sambandsstjórnin í Canada hefir fallið Canadian National Railways að vedja og flytja til Canada innflytjendur, sem æskilegt er að fá og sem hægt er að útvega hentugt jarðnæði.

Canadian National Railways, gefur þeim nauðsynleg skirteini, sem uppfylla skilyrði inn- flutningslaganna.

Til þess að tryggja það sem best, að alt gangi vel, gerði fólk af þessum þjóðflokkum vel í því, að ferðast með Canadian National Railway: Polish, Russians, Ukrainians, Roum- anians, Hungarians, Austrians, Germans, Czec- ho-Slovakians, Jugoslavians, Lithuanians, Lat- vians og Estonians.

Ef þú hefir frændur eða vini í Norðurálfu, sem þú vilt hjálpa til að koma til Canada, þá findu næsta umboðsmann Canadian National Railway's, eða skrifaðu á þínu eigin máli.

ALLOWAY & CHAMPION,
667 Main Street,
Winnipeg, Man.